



Fundargerð

Dagskrá fundar:

Skólinn sem miðstöð hverfisins - Hugmyndir koma fram um spilakvöld eða seinni parts opnun bókasafns eins og var fyrir nokkrum árum. Einnig rætt um hvort eldra fólk í hverfinu gæti haft hér afdrep hluta úr degi. Fleiri hugmyndir komu fram t.d. bíókvöld í íþróttasalnum, þeirri hugmynd er vísað til nemenda í 10. bekk sem gætu selt popp sem fjáröflun. Ákveðið að byrja á bókasafnsopnun í desember þar sem m.a. er lesið úr nýjum bókum. Rannveig benti líka á þann möguleika að fólk í hverfinu hefði aðgang að skólanum.

Uppbrot framundan. Skólahreysti undankeppni 26. nóvember. Hæfileikakeppni verður haldin 6. desember daginn áður verður forkeppni þar sem valin verða 15 atriði 5 frá hverju stigi. Jólamatur og laufabrauð 19. desember. Árshátíð í janúar að venju. Föstudagurinn fyrir árshátíð er tvöfaldur dagur og annar þeirra skertur. Kaffihús nemenda í 9. bekk verður 13. desember. Kennarar yngri barna hafa bent á að betra sé að hafa sýningarnar fyrri hluta dags svo þau verði ekki orðin þreytt. Fólk almennt sammála því. Árshátíðarballið verður síðan viku síðar.

Niðurstöður lesfimiprófa - Anna kynnti lesfimiprófin. Margir nemendur eiga langt í land til að ná lágmarksviðmiðunum. Í gangi eru átök til að þjálfa betur leshraða nemenda.

Skólapúlsinn - Anna sagði frá niðurstöðum Skólapúlsins sem nú hefur verið lagður fyrir helming nemenda í 6. - 10. bekk. Nokkrar umræður urðu um hvers vegna nemendur í skólanum hafa ekki trú á eigin námsgetu og einnig um hve hreyfing nemenda er lítil.

Niðurstöður samræmdra prófa - Anna fór yfir niðurstöður samræmdra prófa

7. bekk - meðalraðeinkunn í stærðfræði 36.7



Fundargerð

4. bekkur meðalraðeinkunn í í stærðfræði 47,9

íslensku 45,6

Önnur mál:

Samþykkt Starfáætlunar 2019-2020. Hér með bókast að starfsáætlun fyrir skólaárið er staðfest af skólaráði.

Símalaus vika í desember. Lagt er til að önnur vika desembermánaðar verði símalaus, þ.e. nemendur noti ekki síma í skóla eða á skólalóð vikuna 9. - 13. desember. Hugmyndin er að framkvæma þetta í öllum skólum bæjarins.

Nemendum leist vel á hugmyndina, þeir höfðu góða reynslu af símaleysi frá því í fyrra. Þeirra tillaga er að ganga lengra og hafa símalausan desember.

Þeir bentu þó á að mikilvægt væri að nemendur hefðu eitthvað við að vera. Í framhaldi af því nefndi nemandi hvort nemendur gætu ekki fengið aðgang að Stapa í frímínútum. Sú hugmynd hefur komið fram að færa tónlistarstofuna yfir í raungreinastofuna. Ákveðið að koma þessu í framkvæmd í nóvember.

Fyrirspurn kom um eftirlitsmyndavélar. Anna sagðist hafa fengið þau svör að þetta væri ekki á fjárhagsáætlun næsta árs. Hugmynd kom um að virkja hverfisnefndina til að þrýsta á málið.

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sigurrós Karlsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmsdóttir fulltrúi kennara, Bára Árný Sigþórsdóttir fulltrúi starfsmanna, Arney Ingólfsdóttir fulltrúi foreldra, Jóna Kristín Guðmundsdóttir fulltrúi foreldra, Jósep Pétursson fulltrúi nemenda og Hekla María Kristjónudóttir fulltrúi nemenda.

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir